KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Dreift frítt í öll hús í Kópavogi. 14. febrúar 2015, 31. tbl. 11. árgangur www.kopavogsbladid.is

Tækninámskeið
fyrir 7- 20 ára



Hefjast 17. febrúar

Salaskóli
Kópavogsskóli
Snælandsskóli

Skráning á skema.is

SKEMA EDUCATION

BÆJARFRéttir

Bæjarskrifstofurnar að flytja í Norðurturn Smáralindar?

2

Leikfélag Kópavogs

ÓÞARFA OFFARSI

Spilltur pólitíkus
Óhæfar löggur
Kynsveltur endurskoðandi



Bráðfyndinn farsi
e. Paul Slade Smith



kopleik.is

Lau. 21. feb. kl. 20.00
Sun. 22. feb. kl. 20.00
Fim. 26. feb. kl. 20.00
Fös. 27. feb. kl. 20.00
Fim. 5. mars. kl. 20.00
Fös. 6. mars kl. 20.00
Sun. 8. mars. kl. 20.00

Arion banki

Undirbúningur fyrir Íslandsmeistaramót unglinga í kata

10

„Jófríður beitti sér fyrir að karlkyns launafulltrúi hækkaði í launum.“

8

Hamraborg 8

DEKKJAHUSID.IS

FRÁBÆRT ÚRVAL AF VETRARDEKKJUM

TILBOÐ Á UMFELGUN

Fólksbílar 5.490,-
Jepplingar 6.490,-
Jeppar 8.490,-

• Dekkjahótel (geymsla á dekkjum) • Snyrtileg aðstaða
• Dekk og felgur í úrvali • Alltaf heitt á könnunni

Netgíró
MasterCard VISA
LÉTTGREIÐSLUR

Dekkjahúsið
Dalbrekku 17, Kópavogi
Sími: 55 33 100
dekkjahusid@dekkjahusid.is
30 ára reynsla og þekking

BÆJARFRÉTTIR

Bæjarskrifstofurnar að flytja úr Fannborg í Norðurturn Smáralindar?

Flutningur talinn hagkvæmasti kostur

Skrifstofuhúsnæði bæjarskrifstofa Kópavogs er illa farið og kemur því til álita að flytja starfsemina úr Fannborg í annað húsnæði. Núverandi húsnæði þarfnast verulegs viðhalds og hljóðar kostnaðaráætlun endurbóta á húsnæðinu upp á 300 milljónir. Bæjarskrifstofurnar eru nú í þremur húsum, í Fannborg 2, 4 og 6. Frumathugun á öðrum kostum, að flytja eða byggja nýtt húsnæði, hefur leitt í ljós fjárhagslegan ávinning af því að flytja bæjarskrifstofurnar annað.

Sigríður Björg Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, segir í samtali við Kópavogsblaðið að til hafi staðið að ráðast í endurbætur á húsnæðinu í Fannborg nú í ár. Þegar húsið var skoðað nánar þá hafi komið í ljós að ástand þess var mun verra en talið var í fyrstu og þarfnast verulegra endurbóta. Vegna þess hversu kostnaðarsamar þær endurbætur myndu verða var ákveðið að fá verkfræðistofuna Mannvit til að kanna hvað myndi kosta annars vegar að kaupa nýtt húsnæði og hins vegar að byggja nýjar bæjarskrifstofur á lóð bæjarins.

Niðurstaða þeirrar athugunar liggur nú fyrir. Fjárhagslegur ávinningur er sagður vera í því að flytja starfsemina og selja núverandi húsnæði í Fannborg. Ræður þar meðal annars miklu að starf-semin kæmist fyrir í mun minna húsnæði eða um 3.000 fermetrum í stað 4.500 fermetra nú, að sögn Sigríðar. Þar sem hagkvæmara virðist vera að kaupa nýtt húsnæði eða byggja í stað endurbóta á núverandi húsnæði mun bærinn skoða þá kosti enn frekar.

Hluti 4. hæðar Fannborgar 2 er ekki í notkun vegna ástands hennar. Hæðin sem er byggð árið 1974 þarfnast verulegs viðhalds.

Aðspurð staðfestir Sigríður heimildir Kópavogsblaðsins að Norðurturn Smáralindar sé einn þeirra kosta sem Kópavogsbær hefur skoðað undir nýjar bæjarskrifstofur. „Niðurstaða athugunarinnar er sú að það er óhagkvæmt að ráðast í endurbætur í samanburði við kaup eða byggingu á nýju húsnæði. En það á eftir að meta styrkleika og veikleika þess að flytja bæjarskrifstofurnar í nýjan miðbæ bæjarins.“

ÓÞARFA OFFARSI

Borgarstjórinn liggur undir grun um fjárdrátt

Hláturtaugarnar kitlaðar hjá Leikfélagi Kópavogs

Héðinn Sveinbjörnsson og Stefán Bjarnarson í hlutverkum sínum sem Frank og Todd.

Borgarstjórinn liggur undir grun um fjárdrátt og lögreglan undirbýr gildru á mótteli til að standa hann að verki. Fljótt kemur í ljós að lögreglufulltrúarnir tveir eru kannski ekki þeir allra hæfustu og samband annars þeirra við kynsveltan endurskoðanda í næsta herbergi einfaldar ekki framvinduna. Þegar við þetta bætast svo óöruggur öryggisvörður úr Ráðhúsinu, illskiljanlegur leigumorðingi og elskuleg borgarstjórafrú er ekki von á góðu.

Svona hefst Óþarfa offarsi, átta hurða, léttgeggjaður farsi sem Leikfélag Kópavogs frumsýnir laugardaginn 21. febrúar næstkomandi. Verkið er eftir Paul Slade Smith og leikstýrt af Herði Sigurðarsyni sem einnig þýðir.

Sýningin gerist í tveimur samliggjandi mótelherbergjum. Lögreglan hefur komið sér fyrir öðrum megin og sett upp upptökubúnað í hinu herberginu þar sem nýr endurskoðandi borgarinnar á bókaðan fund með borgarstjóranum. Innangengt er á milli herbergjanna og eins og vænta má í góðum farsa er mikil umferð um dyrnar átta sem eru á sviðinu.

Sjö leikarar taka þátt í sýningunni en fjöldi manns að auki hefur unnið hörðum höndum undanfarnar vikur við smíði leikmyndar, gerð búninga, hönnun ljósa, hljóðs og annars sem slík sýning krefst.

Óþarfa offarsi sem heitir Unnecessary farce á frummálinu var fyrst frumsýndur í Bandaríkjunum árið 2006 en hefur síðan verið sýndur víða um heim og nú er komið að frumflutningi hér á landi.

Leikfélag Kópavogs hefur farið mikinn á undanförnum árum og fjölbreytnin í verkefnavali verið mikil. Á síðasta ári setti félagið til dæmis upp rómaða sýningu á Þremur systrum eftir Anton Tsjekhov og í október var Elskhuginn eftir Nóbelskáldið Harold Pinter á fjölunum. Eftir dramatískt tímabil er hinsvegar komið að því að kitla hláturtaugarnar svo um munar. Óþarfa offarsi hefur fengið frábærar viðtökur úti í heimi og fróðlegt verður að sjá hvernig hann fer í íslenska áhorfendur.

Nánari upplýsingar um sýninguna má fá á vef félagsins www.kopleik.is.

Helga Björk Pálsdóttir, Guðmundur L. Þorvaldsson og Héðinn Sveinbjörnsson sem Karen Brown endurskoðandi, Eric Sheridan lögreglufulltrúi og Frank öryggisfulltrúi.

GAMLA MYNDIN

Hver, hvar, hvenær?

Þau leiðu mistök urðu við birtingu síðustu myndar að hún var eignuð röngum ljósmyndara, en hana tók Gauti Torfason og leiðréttist það hér með ásamt því að velvirðingar er beðist á ruglingnum. Allnokkur viðbrögð bárust við myndinni og þökkum við fyrir þau. Myndin var tekin á sveitaforingjanámskeiði skátafélagsins Kópa í Lækjarbotnum um 1980 og á henni eru frá vinstri: Jónas Guðmundsson, Erlendur Steinþórsson (?), Aðalbjörg Ósk Angantýsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Ása Kristleifsdóttir, María Jónsdóttir og Hallmundur Marvinsson.

Myndin sem nú er birt er tekin við Félagsheimilið um eða uppúr 1965. Ljósmyndari er Herbert Guðmundsson. Þekkja lesendur einhvern á myndinni? Allar upplýsingar eru vel þegnar og má senda til Héraðsskjalasafns Kópavogs á netfangið gunnarmh@kopavogur.is í síma 544 4711 eða með heimsókn á safnið á Digranesvegi 7.

Útgefandi: ago útgáfa slf.

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is

Prentun: Landsprent
Dreifing: Póstdreifing

Kópavogsblaðinu er dreift frítt í öll hús í Kópavogi

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi: Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

Kæri nágranni,

Við hjá Islensku Flatbökunni erum ótrúlega ánægð með opnunina og mótttökurnar sem við höfum fengið frá ykkur.

Til þess að þakka fyrir okkur viljum við bjóða ykkur eftirréttapizzuna okkar á **1.000 kr*.** - eina sem þú þarft að gera er að nefna að þú hafir séð þessa auglýsingu.

Við viljum bjóða ykkur velkomin til okkar í Bæjarlind 2 og minnum á eftirfarandi tilboð:

HÁDEGISTILBOÐ ALLA DAGA
Miðstærð af flatböku með 2 áleggjum + kók í dós á **1.800 kr.**

FJÖLSKYLDUTILBOÐ
Tvær miðstærðir með 3 áleggjum + ostakryddstangir + sósa + 2L kók á **5.500 kr.**

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLU SEM ER SÓTT
(gildir ekki um önnur tilboð)

ÍSLENSKA FLATBAKAN
s. 567-1717
Bæjarlind 2, Kópavogi
Opið alla daga 11 - 21

*** gildir út Febrúar**

RYK

Íslensk hönnun

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogi
Opnunartími:
Virka daga 11-18
Laugardaga: 11-16
Sími: 862 6368

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

1X2
GETRAUNANÚMER
Breiðabliks
ER 200

1X2
GETRAUNANÚMER
HK
ER 203

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

EIGNAumsjón

www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

MYNDLIST

„Endalaust“ og „Hann yrðir“ í Anarkíu

Listakonan Guðmunda Kristinsdóttir sýnir nú verk sín á sýningu sem ber heitið „Endalaust“ í listasal Anarkíu í Hamraborg 3. Auk Guðmundu opnuðu listakonurnar Rán Jónsdóttir og Ólöf Rún Benediktsdóttir sýninguna „Hann yrðir“ í listasal Anarkíu. Sýningarnar standa yfir til 1. mars.

BOLTINN

MK-Deildin af stað á ný

Stjórn íþróttanefndar MK: Hlynur Þór, Guðlaugur Þór, Jón Björgvin, Krístín Hermansdóttir, Guðmundur Högni og Zakarías Friðriksson.

Boltinn er farinn að rúlla í MK-deildinni, sem hefur verið árlegur viðburður í skólanum frá því árið 1999, fyrir daga Fífunnar. Leikið var þá á gervigrasinu við hliðina á Fífunni en í dag fer mótið fram innan dyra á helmingi vallarins. MK-deildin hefur vaxið gríðarlega og er nú einn af stærstu viðburðum Nemendafélags skólans. Mótið verður haldið næstu sjö föstudagskvöld og lýkur í byrjun apríl þegar sigurvegarar MK-deildarinnar verður krýndur.

BÆJARLÍFIÐ

Stefna mótuð hjá Glóð

Stjórn Glóðar f.v: Hulda Sjöfn Ólafsdótti, ritari, Sóley Björgvinsdóttir, meðstjórnandi, Lára Helgadóttir vararitari, Sigurbjörg Björgvinsdóttir, formaður,Jóhanna Axelsdóttir, gjaldkeri, Rósa Benónýsdóttir, vara-gjaldkeri og Lovísa Jónsdóttir, vara-formaður.

Nokkur böll hafa verið á vegum Glóðar undanfarin ár í umsjá Rósu og Óla Geirs. Vonandi verða þau með sama hætti áfram enda mjög vinsæl.

Á aðalfundi var samþykkt tillaga frá Margréti Bjarnadóttur um að móta stefnu fyrir Glóð. Unnið verður eftir SVÓT módeli sem stendur fyrir Styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri. Fyrsti vinnufundur verður í Gjábakka laugardag 21. febrúar og er áhugasömum félögum boðið að mæta kl. 9.30 í morgunhressingu. Áætlað er að fundinum ljúki klukkan 12. Þátttökugjald er ekkert en skrá þarf þátttöku hjá Sigurbjörgu sigurbjorgb@simnet.is og í síma 554 3774.
Mikilvægt er að félagar Glóðar taki virkan þátt í þessari vinnu svo hún skili sem mestum árangri.

Gefum - Gleðjumst - Njótum

Sigurbjörg Björgvinsdóttir, formaður

TÓNLIST

Jón og Gunna af fingrum fram í Salnum

Guðrún Gunnarsdóttir, söngkona, verður gestur Jóns Ólafssonar í hinni sívinsælu tónleikaröð hans „Af fingrum fram“ í Salnum þann 6. mars. Guðrún hefur verið iðin við að kynna lög Ellýar Vilhjálms í gegnum tíðina og og víst er að einhver þeirra verða sungin þetta kvöld ásamt fleiri perlum. Fastlega má búast við ógleymanlegri kvöldstund þar sem góð tónlist, húmor og spjall fara saman. En á hvernig tónlist ætli Guðrún hlusti sjálf á?

„Ég hlusta á ýmislegt. Einmitt núna er ég að hlusta töluvert á Svefnljóð, plötuna hennar Röggu Gröndal og svo er Gunni Gunn með Skálm og stef mjög oft undir geislanum. Hanna Dís, mágkona mín gaf okkur Monicu Zetterlund disk í jólagjöf og við hjónin höfum svolítið verið að hlusta á hann. Svo er miðdóttir mín, hún Anna Hjördís, búin að taka upp allskonar ábreiðulög, sem hún syngur og spilar sjálf. Ég hlusta á hana líka, enda frábær söngkona á ferð,“ segir Guðrún. Undirbúningur fyrir tónleikana gengur vel, enda hafa þau Jón og Guðrún þekkst lengi og starfað náið saman. Stemningin fyrir tónleikunum er gríðarlega góð, segir Guðrún.

„Við Jón verðum bæði í góðu stuði, ef ég þekki okkur rétt. Við höfum þekkst í yfir 33 ár og alltaf verið góðir vinir. Við grenjum yfirleitt úr hlátri þegar við hittumst yfir einhverju rugli bara. Við höfum þó ekki unnið að ráði saman nema í örfá skipti, svo ég held að ég megi segja að við hlökkum mikið til. Það verður engin hátíðleiki yfir þessu nema síður sé, heldur frekar bara einhver vitleysa,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir, söngkona, og skellihlær.

Jón Ólafsson og Guðrún Gunnarsdóttir koma fram í Salnum þann 6. mars.

KYNNING

Frístundastyrkir gilda líka á tækninámskeið Skema

Fjöldi foreldra gerir sér enn ekki grein fyrir þessum möguleika

Flest sveitarfélög á stór-höfuðbogarsvæðinu styrkja íbúa sína á aldrinum 5-18 ára til íþrótta- eða tómstundaiðkunnar af einhverju tagi. Mennta- og tæknifyrirtækið Skema er með samning við sveitarfélögin á stór-höfuðborgarsvæðinu um ráðstöfun á frístundastyrk sveitarfélaganna til tækninámskeiða á vegum fyrir-tækisins. Þannig geta foreldrar barna á aldrinum 6 - 20 ára nýtt styrkinn sem stóran hluta af greiðslu á 10 vikna námskeiðum sem haldin eru í fjölmörgum grunnskólum á svæðinu bæði á vorin og haustin. Stór hópur foreldra hefur nýtt frístundastyrki sem greiðslu en enn eru þó fjölmargir sem gera sér ekki grein fyrir þessum möguleika.

Tæknikennsla í nýju tæknisetri og fjölda grunnskóla

Skema verður með 10 vikna forritunar- og tækninámskeið á níu stöðum á vorönn 2015 og það víðsvegar um stór-höfuðborgarsvæðið auk þess að vera með fjölda styttri og lengri námskeiða í boði í nýja tæknisetri Skema að Síðumúla 23. „Með því að færa forritunarkennsluna líka út í hverfin viljum við koma til móts við fleiri foreldra og börn og gera stærri hópi kleift að sækja námskeiðin okkar. Áhugi og frábært samstarf við grunnskóla hefur gert okkur þetta mögulegt“ segir Árdís Ármannsdóttir, framkvæmdastjóri Skema. Dæmi um námskeið sem í boði verða eru byrjendanámskeið í forritun og appþróun (Kodu GameLab, Alice og GameSalad), tækjaforritun, Minecraft og forritun fyrir lengra komna (Unity 3D og vefsmíði). Á námskeiðunum snýst lífið hins vegar ekki

bara um tölvurnar heldur ekki síður um skapandi hugsun, samveru með öðrum sem deila sömu áhugamálum og leik. Hjá Skema er jafnframt mikið lagt upp úr netöryggi og ábyrgri tölvunotkun auk þess sem þátttakendur læra að skilja tölvurnar og skapa með aðstoð tækninnar. Þannig vilja starfsmenn Skema leggja sitt að mörkum við að skapa komandi kynslóðum forskot til framtíðar á sviði tækninnar. “Tækni og forritun er stækkandi fag sem án efa á eftir að spila enn stærra hlutverk innan flestra atvinnugreina áður en langt um líður. Grunnþekking í forritun og upplýsingatækni verður lágmarkskrafa í störfum framtíðarinnar” segir Árdís.

Nánari upplýsingar um námskeið Skema er að finna hér: http://www.skema.is/namskeid/

NÝ FYRIRTÆKI Í KÓPAVOGI

Lind fasteignasala tekur til starfa

RE/MAX Lind hefur verið starfrækt í Kópavogi frá árinu 2003 en nú breytist nafnið í Lind fasteignasala. Fyrirtækið starfar eftir sem áður á sterkum grunni enda orðið rótgróið eftir 12 ár í rekstri. Lind fasteignasala verður áfram í sama húsnæði að Hliðarsmára 6 Kópavogi. Á Lind fasteignasölu er jafnt kynjahlutall og starfa þar 19 manns. Lind fasteignasala selur mikið af fasteignum í Kópavogi sem er þeirra heimasvæði og sölumenn þekkja svæðið því mjög vel.

Eigendur Fasteignasölunnar eru: Hannes Steindórsson, Þórunn Gísladóttir, Stefán Jarl Martin, Kristján Þórir Hauksson og Andri Sigurðsson.

Heimasíðan er: fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
www.FASTLIND.is

Sérhæfum okkur í eldri eignum og nýbyggingum innanhúss
Málningarþjónusta
Ingimundar Einarssonar
Sími 557 5557
málari.is

1

abc BARNAHJÁLP

Nytjamarkaðurinn

2

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Fagleg og traust fasteignasala
Ögurhvarfi 6 Kópavogi
Sími: 512 3400

3

Fjölsmiðjan

Vinnustaður fyrir ungt fólk 16-24 ára.
Nánari upplýsingar á
www.fjolsmidjan.is.

4

MANNVIT

Mannvit er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki
á sviði verkfræði og tækni

Fyrirtæki í Hvörfunum

9

VÍKUR V·E·R·K

10

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

Þekking er tölvudeild
yfir 300 fyrirtækja

11

World Class ICELAND

12

PRONET

Ljósleiðara lagnir, tölvulagnir,
öryggismyndavélar, loftnetskerfi.
Smásala/Heildsala/Lagning/Tengingar/
Hönnun og ráðgjöf
www.pronet.is s. 540 3520

5

GARMINBÚÐIN

Sími 577-6000
www.garmin.is

6

LEIÐIR
VERKFRÆÐISTOFA
Víkurhvarf 5
203 Kópavogur
leidir@leidir.is
www.leidir.is

Leiðir verkfræðistofa ehf.
er lausnafyrirtæki með aðaláherslu
á sjálfvirka skráningu.

7

Pro Gastro
Allt fyrir eldhúsið

Hágæða eldhúsvörur; pottar,
pönnur, postulín, hnífapör og
öll helstu áhöld fyrir eldhúsið

Heimilistæki frá Gorenje
Ögurhvarfi 2

8

Rafmiðlun
Besta lausnin - Betra verð
www.rafmidlun.is

Rafmiðlun hf. er rafverktaka
og innflutningsfyrirtæki stofnað 1996.
Rafmiðlun býður heildarlausnir á sviði
rafverktöku; ráðgjöf, hönnun, teikningar,
efnisöflun og framkvæmd.

Grunnkort: Loftmyndir ehf.

13

SAMVERK
GLERVERKSMIÐJA

Glerverksmiðjan Samverk
Víkurhvarf 6
Sölu og sýningarsalur.

14

Skalli
SÁ SVALASTI Í BÆNUM

15

Valka

Valka er hátæknifyrirtæki sem
þróar og selur vélar og hugbúnað
fyrir hvítfisk- og laxavinnslur. Stofnað
árið 2003 í Kópavogi og þar starfa
í dag tuttugu og sex manns.

16

bpro

Ögurhvarfi 4, 203 Kópavogi
Sími: 552 5252
www.bpro.is

KÓPAVOGSBÚI MÁNAÐARINS

Sigurjón Jónsson er Kópavogsbúi mánaðarins

Sigurjón Jónsson, Kópavogsbúi mánaðarins.

Kristinn Rúnar Kristinsson tilnefndi í síðasta Kópavogsblaði vin sinn Sigurjón Jónsson sem næsta „Kópavogsbúa mánaðarins." Sigurjón hefur búið í Kópavogi frá fæðingu eða í rúm 30 ár, fyrst í Engihjallanum, síðan í Smáranum og í Salahverfinu þar sem hann býr með fjölskyldu sinni. „Konan mín heitir Tinna Hemstock og kemur úr Garðabænum en ég var ekki lengi að sannfæra hana um að flytja yfir í Kópavoginn. Við eigum saman einn strák, Tóbías Davíð, sem verður þriggja ára í mars," segir Sigurjón.

Hver er uppáhalds staður þinn í Kópavogi?
„Smárahvammsvöllur er í miklu eftirlæti hjá mér því þar eyddi ég löngum stundum í fótbolta á yngri árum. Ég á margar góðar minningar frá þeim velli. Síðar flutti ég svo við hliðina á vellinum og fylgdist vel með öllu sem þar fór fram út um stofugluggann. Það var mjög skemmtilegur tími þegar meistaraflokkur Breiðabliks spilaði deildarbikarleikina sína á vellinum og var ég og Gústi, félagi minn, iðulega boltasækjar. Í seinni tíð hefur völlurinn þjónað sem heimavöllur Augnabliks. Ég held að ég hef aldrei tapað leik á Smárahvammsvelli."

Hverjar eru þínar fyrstu minningar frá Kópavogi?
„Mínar fyrstu minningar eru úr Engihjallanum. Þar var mikið af krökkum og alltaf líf og fjör þegar maður var að slíta barnskónum. Í bakgarðinum á Engihjalla 3 var smíðavöllur og skólagarðar. Þar man ég eftir að hafa eytt öllum mínum frístundum eitt sumarið í að byggja kofa undir leiðsögn Snorra Más sem sá um smíðavöllinn. Í kaffihléum var svo farið í fótbolta og þar byrjaði áhuginn á þeirri göfugu íþrótt. Einnig situr í mér minning þegar ég og Ágúst vinur minn, sem ég kynntist í leikskólanum Efstahjalla, vorum að spila fótbolta í Engihjallanum og skutum óvart í rúðu á fyrstu hæð. Þar kom út ósátt eldri kona

> **Smárahvammsvöllur er í miklu uppáhaldi hjá mér því þar eyddi ég löngum stundum í fótbolta á yngri árum**

sem hótaði að sprengja boltann með lykli ef við myndum skjóta aftur í rúðuna. Eftir þetta lagði ég mikla áherslu á að halla mér alltaf vel yfir boltann þegar ég skaut honum."

Hvernig er að búa í Salahverfinu?
„Það er virkilega gott. Hverfið er rólegt og fjölskylduvænt með frábæra sundlaug; líkamsræktarstöð og íþróttahús í göngufæri. Hér eru fínir göngu- og hjólastígar í allar áttir sem maður er samt allt of latur við að nýta sér. Það þarf þó að bæta samgöngur að hverfinu og því bíð ég spenntur eftir Arnarnesveginum sem átti að vera kominn í gagnið fyrir löngu."

Hvað er það besta og hvað er það versta við Kópavog?
„Ef ég ætti að velja eitthvað sem stendur upp úr sem er best í bæn-um þá myndi ég byrja á að nefna fólkið í bænum; íþróttastarfið í íþróttafélögunum, Augnablik, fjölbreytta matarmenningu og sundlaugarnar. Það versta við Kópavog í dag er staðsetning Sorpu á Dalvegi, í miðjum Kópavogsdalnum."

Hver eru skilaboð þín til Kópavogsbúa?
„Ég hvet Kópavogsbúa til að taka virkari þátt í bæjarmálunum enda sýna sporin mikilvægi þess að veita stjórnendum bæjarins öflugt aðhald. Öflugt aðhald tryggir gagnsæi og heiðarleika."

Sigurjón Jónsson tilnefnir Hjörvar Hafliðason, mann þjóðarinnar, sem næsta Kópavogsbúa mánaðarins.

Lionsklúbburinn Ýr
Kynnir
Skyggnilýsingarfundur með Þórhalli Guðmundssyni
Verður haldin í Lionsheimilinu Lundi Auðbrekku 25-27
fimmtudaginn 5. mars kl. 20.00.

YFIRHEYRSLAN

Formaður bæjarráðs: „Jófríður Hanna beitti sér sjálf fyrir því að karllkyns launafulltrúi hækkaði í launum."

Í maí verður ár liðið frá síðustu bæjarstjórnarkosningum en eftir þær myndaði Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta í bæjarstjórn með Bjartri framtíð sem fékk tvo menn kjörna. Fyrir kosningarnar boðaði Björt framtíð að „fylla bæinn af gleði og hamingju með frumkvæði íbúa og aukinni samvinnu ólíkra aðila." Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir er oddviti listans og er er jafnframt formaður bæjarráðs.

Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar í Kópavogi.

> **Það er mat Kópavogsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga að leiðrétta laun mannsins og ég er sammála því**

Fyrst að hitamálinu sem hefur farið hátt í bænum undanfarið. Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, launafulltrúi hjá Kópavogsbæ og formaður Starfsmannafélags Kópavogs, kærði Kópavogsbæ í fyrra vegna kynbundins launamunar. Niðurstaðan var sú að karlmaður sem hafði hærri laun en hún var lækkaður í launum. Hver er þín skoðun á þessu máli?
„Fyrst langar mig að útskýra málið, en allar upplýsingar um þetta mál er að finna í úrskurðar kærunefndar jafnréttismála nr. 1/2014. Málið er þannig vaxið, í stuttu máli, að Jófríður Hanna og maðurinn starfa bæði sem launafulltrúar hjá Kópavogsbæ, en ekki er krafist háskólamenntunar í það starf. Maðurinn er með háskólapróf í sagnfræði sem nýtist ekki í starfi en hún er ekki með háskólapróf. Ástæðan fyrir því að maðurinn var með hærri laun en Jófríður er að hún beitti sér sjálf fyrir því að samkomulag næðist við Kópavogsbæ um að hann færi á svokallaða háskólabókun, og fengi því hærri laun, þrátt fyrir að sagnfræðimenntun hans nýtist ekki í starfi sem launafulltrúi. Það gekk í gegn en síðar gerðist það að hún, sem formaður starfsmannafélagsins og launafulltrúi, kærði Kópavogsbæ fyrir það að hann væri með hærri laun en hún. Ef laun mannsins verða ekki leiðrétt í rétta launasetningu þá verður Kópavogsbær með tvo launafulltrúa sem hvorug eru með háskólapróf sem nýtist í starfi og konan reyndar ekki með háskólapróf. Þau fengju samt greitt samkvæmt samningi háskólamenntaðra á grundvelli sagnfræðimenntunar annars þeirra og samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags sem þau eru hvorug í. Það er mat Kópavogsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga að leiðrétta laun mannsins og er ég sammála því."

Hvað er Björt framtíð búin að vera að gera í meirahlutasamstarfinu með Sjálfstæðisflokknum í Kópavogi síðustu mánuði eftir kosningar. Hver eru helstu málin núna og fyrir hvað stendur Björt framtíð í þessu meirihlutasamstarfi?
„Fyrsti bæjarstjórnarfundur nýrrar bæjarstjórnar var haldinn 24. júní 2014 svo við höfum verið starfandi í tæpa átta mánuði. Ný fjárhagsáætlun var samþykkt í desember þannig að við erum rétt að hefja störf sem byggja á okkar áherslum sem birtast í þeirri fjárhagsáætlun. Við í Bjartri framtíð leggjum mikið upp úr góðu samstarfi. Ég hef trú á því að þannig náist betri árangur fyrir bæjarfélagið í heild. Við leggjum áherslu á að byrjað sé á að stefnumóta í sem flestum málaflokkum. Einn þáttur í því að stýra sveitarfélagi er að móta sameiginlega stefnu því fjármunir eru takmarkaðir og sífellt eru gerðar meiri kröfur um að ráðstafa verkefnum á hagkvæman og skynsamlegan hátt. Skýr stefna, skipulags og áætlana eru auðvitað leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku stjórnenda og starfsmanna. Nú erum við til dæmis að vinna í nýrri stefnu fyrir dægrardvöl og lýðheilsustefnu fyrir bæjarfélagið sem kemur inn á alla aldursflokka, meðal annars eldri borgara. Menningarstefnan og upplýsingastefnan eru langt komnar. Það er rétt að við leggjum mikið upp úr samvinnu ólíkra aðila og er Markaðsstofa Kópavogs skýrt dæmi um það. Það er verkefni sem byggt er á mínum hugmyndum um samvinnu ólíkra aðila. Kópavogsbær, íþróttafélög, fyrirtæki í Kópavogi og aðrir sem hagsmuni hafa byggja sameiginlega upp öflugt hreyfiafl fyrir atvinnulífið í Kópavogi. Í gegnum Markaðsstofuna höfum við hvatt stjórnendur fyrirtækja á einstaka svæðum til að koma á hagsmunasamtökum. Með stofnun slíkra hagsmunasamtaka er kominn vettvangur til að auka samvinnu; til að bæta umhverfi og aukið samstarf við bæjarfélagið. Núna erum við einnig að endurvekja og efla hverfaráðin. Þar viljum við aukna samvinnu íbúa og bæjarfélagsins. Von okkar er einnig að auka samstarf milli skóla, dægrardvala, félagsmiðstöðva og þrótta- og tómstundafélaga til mynda heilstætt þjónustumynstur fyrir börn."

Hvernig á að auka við gleði og hamingju íbúa?
„Það er ekki hægt að gera lítið úr þeirri þörf. Ég get ekki sagt að það hafi komið mikil gleði frá bæjarstjórn, til dæmis á síðasta kjörtímabili. Ég held að flestir geti verið sammála um að þrasið og deilurnar milli sveitarstjórnarmanna hafi ekki aukið gleði okkar. Stöðugar neikvæðar fréttir frá okkar góða bæjarfélagi voru ekki til þess fallnar að gera okkur eftirsóknarverða né uppbyggileg. Ímynd bæjarfélagsins skiptir máli því við viljum að fleiri íbúar flytji í Kópavog; viljum fleiri fyrirtæki til að fjölga störfum og því er ekki gott þegar kosnir fulltrúar eru stöðugt að tala Kópavog niður. Það er alveg hægt að veita aðhald og vera málefnalegur. Mér finnst samstarfsflokkarnir standa sig vel í því í dag. Áherslan okkar var að koma á eðlilegu starfsumhverfi meðal sveitarstjórnarmanna og ég vona að það takist því það eru hagsmunir okkar allra. Ég verð einnig að taka það fram að ég er einstaklega ánægð með allt mitt samstarfsfólk í bæjarstjórn úr öllum flokkum. En glaðir íbúar eru auðvitað sáttir íbúar. Við viljum aukna samvinnu þeirra, auka upplýsingaflæði til þeirra og færa stjórnsýsluna nær þeim. Ég er ekki ein um að hafa þá trú að vinsamlegt umhverfi með fallegum hjólaleiðum, gönguleiðum og fjölbreyttu útivistarsvæði veiti fólki hamingju, það er jafnvel sagt að það dragi úr sjúkdómum og fallegt umhverfi hvetur til samveru. Við viljum líka fjölga og stækka bæjarhátíðir og gera Kópavog af uppbyggilegu samfélagi með ánægða íbúa. Við leggjum áherslu á framsýna og góða þjónustu fyrir alla sem þurfa á henni að halda, góða skóla og leikskóla og tryggja að börnum líði vel í skólanum."

SAGAN

Sýning í Héraðsskjalasafni um tilurð Kópavogskaupstaðar

Nú stendur yfir sýning í Héraðsskjalasafni Kópavogs um tilurð Kópavogskaupstaðar vegna 60 ára afmælis hans 2015. Á sýningunni gefur meðal annars að líta úrval fjölmiðlaumfjöllunar um kaupstaðamálið ásamt völdum fundargerðum sem draga fram ágreininginn sem uppi var um það hvort Kópavogshreppur ætti að verða kaupstaður eða sameinast Reykjavík. Einnig eru dregin fram skjöl er varða þegar Kópavogsbúar fengu heimastjórn með tilurð Kópavogshrepps með klofningi Seltjarnarneshrepps á árunum 1946-1948. Kvikmynd Þorgeirs Þorgeirsonar, Að byggja, sem gerð var fyrir 10 ára afmæli Kópavogskaupsstaðar 1965 er einnig sýnd í skjalasafninu af þessu tilefni.



Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð

krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510

		skýið		rausnar-kerling	kvað	aurinn	2 eins	beyg	nagla		matast	ljá	
					→					6			rissar
					kona					fjör / lukka			
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	skýið		rausnar-kerling	kvað		lituð / hast				fanga / frásögn		
öflugar			2					ranglar					
stafur			tóma / fiflin					álpast / hosu				fugl	
fiskurinn					fuss	9			grátur	sægur / greiðir			
aflagað							fiskar / kögri						óskar
elska					ágóða	skrimta / ytra					klófesta / álasa		
				eðja		5		litaðar / flanar					
	↓	berar / vökna							fanga / dínamóar			doka	8
pikka				froskmann / komast							hvað? / gróp		
öðlast			litaðar	10	tröllin								
pirrað					ílátið		frá / ákallaði			flutti / grastopp			skornar
litað					4	brekkur / morkið	1						
	hnútur / morknun	3						kusk / líkamshluti				maður	7
þrýsta				makkaróna / maður						eldsneyti / árföður			
		fikill / væl					sæmd / stríðni				2 eins / til		
fen			tælir						til sölu				
ávöxtur						tikkaðir							

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

LAUSN

Lausn úr síðustu krossgátu



			H	Ö	F	U	Đ	F	A	T		F
			Ó	R	A		D	A	G	A	N	A
			A	Đ	R	A		L	A	Đ	A	R
	M	E		U		U	S	S		A	M	A
	I	L	L	U	R		T	T	I	M		M
	N	J	A	L		Ú	T	I		Ó	Đ	I	R
	N	A	G	L	A	R		N	Á	Đ	I		O
			A		L		N	N	N		F	E	T
	H	Á		S	Æ	T	A		A	U	R		A
	A	L	A	S	T		F	E	R		O	F	
	T	A	L		A	U	L	I		Ó	H	Ó	F
	T		K	K		M	A	N	G	A		T	Á
	U	T	A	R			R		U	R	G		N
	R	R		Á	S	T			L		O	T	A
		E	R		T	Ý	N	D	U	R		Á	
	Ó	K	U		Ó	R	A	R		E	K	R	A
		K	N	Á	R		F	Ó	L	S	K	A	N
	M	U	N	N	I	N	N		Á	T		S	S
	Á	R	I		R	Ú	I	N	N		Ý	T	A

Á FERÐ OG FLUGI

Á DÖFINNI

Ný slysavarnadeild í Kópavogi

Fyrirhuguð er stofnun nýrrar slysavarnadeildar í Kópavogi í samstarfi við Hjálparsveit skáta í Kópavogi. Slysavarnadeildin mun meðal annars starfa að forvörnum og slysavörnum barna auk aðstoðar við björgunarsveitir. Haldinn verður kynningarfundur í húsnæði Hjálparsveitar skáta í Kópavogi, Bryggjuvör 2, Kópavogi, hinn 23. Febrúar kl. 20:00.

Aðalfundur Sögufélags Kópavogs

Aðalfundur Sögufélags Kópavogs verður í Kópavogsskóla laugardaginn 28. febrúar og hefst klukkan 11. Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður farin skoðunarferð um elsta hluta skólans undir leiðsögn Ólafs Guðmundssona, fyrrum skólastjóra. Þá verða opinberuð hurðaspjöld sem sýna hvar hin fjölbreytilega starfssemi var í húsnæðinu svo sem læknisstofa, bókasafn, kirkja og fleira. Það er Sögufélagið sem gefur þessi spjöld í tilefni af 70 ára afmæli reglulegs skólahalds í sveitarfélaginu.

Verðlaunakrossgáta

Lausnarorð síðustu krossgátu var: „Á ferð og flugi.“

Sigurvegari síðustu krossgátu var Lilja Sigurðardóttir, Vogatungu 28 og hlýtur hún tvo miða á tónleika Guðrúnar Gunnarsdóttur og Jóns Ólafssonar í Salnum. Tveir aðrir miðar á tónleikana eru í verðlaun fyrir lausnarorðið á krossgátu dagsins hér að ofan. Lausnarorðið sendist á krossgata@kopavogsbladid.is. Dregið verður úr réttum lausnum.

Krakkasíðan *í boði*

Undirbúningur fyrir Íslandsmeistaramót unglinga í kata

Laugardaginn 21. febrúar verður Íslandsmeistaramót barna og unglinga í kata haldið í Smáranum í umsjón Karatedeildar Breiðabliks. Von er á um þrjú hundruð keppendum á þessi tvö mót. Um morguninn keppa unglingar frá 12-17 ára aldri, þar sem keppt er í tíu einstaklingsflokkum skipt eftir aldri og kyni, ásamt því að keppt er í þremur flokkum í sveitakeppni. Eftir hádegi koma svo yngri keppendur sem eru 11 ára og yngri, þar er keppt í fjórum aldurshópum í einstaklingsflokkum og tveimur flokkum í sveitakeppni. Unglingahlutinn hefst klukkan 9 um morgunninn en barnahlutinn klukkan 13. Keppni í karate skiptist í tvær keppnisgreinar, kata og kumite. Í kumite þá keppa tveir einstaklingar á móti hvor öðrum þar sem þeir reyna að ná stigum á hvorn annan með höggum og spörkum þó án þess að nota snertingu. Keppni í kata er frábrugðin kumite, þar sem kata er bardagi við ímyndaðan andstæðing. Keppandinn er einn á gólfinu og sýndar æfingar sem svo eru metnar eftir ákveðnum reglum. Karatedeild Breiðabliks hefur gengið ágætlega á þessum mótum undanfarin ár og hefur fjöldi keppenda vaxið ár frá ári, á síðasta ári sendi deildin yfir fimmtíu keppendur til leiks. Hópinn skipa unglingar á aldrinum 12 til 18 ára. Öll hafa þau tekið þátt í keppnum fyrir deildina í mörg misseri en á Íslandsmeistaramótinu taka bæði vön og óvön þátt. Eina skilyrðið sem sett er, er að viðkomandi hafi æft í að minnsta kosti í eitt ár.

Þjálfari hópsins er Helgi Jóhannesson og þegar við spyrjum hann hvað liggi á bak við æfingarnar hjá krökkunum stendur ekki á svari: „Þetta er auðvitað vinna og aftur vinna. Þessir unglingar mæta mjög vel á æfingar og ná árangri eftir því. Við erum með fullt af börnun og unglingum hér hjá Karatedeildinni sem eru að æfa karate á mismunandi forsendum. Sumir hafa ákveðið að leggja keppni fyrir sig og taka þátt í öllum þeim mótum sem þau geta hér heima og mörg þeirra keppa erlendis. Svo erum við með stóran hóp krakka sem taka einungis þátt í einu til tveimur mótum á ári. Það eina sem ég bið þau að gera, er að fara út á gólfið og gera sitt besta, halda einbeitingunni allan tímann og þau munu uppskera eftir því.“

Arna Katrín Kristinsdóttir hefur æft í átta ár, þrátt fyrir ungan aldur. „Ég byrjaði á æfingum til að fylgja bróður mínum eftir en fann fljótt að karate átti vel við mig. Ég ætlaði fyrst að vera í fótbolta en karate heillaði mig meira,“ segir Arna og bætir því við henni þykir skemmtilegt að keppa. „Það gefur mér mjög mikið sjálfstraust og ég verð stolt þegar mér gengur vel.“ Arna hefur nokkrum sinnum farið erlendis að keppa og var valin í landslið Íslands til að keppa á Norðurlandameistaramóti í fyrra. Hún setur sér skýr markmið. „Ég vil verða betri karatekona heldur en í dag og ná mér í meiri liðleika og snerpu.“

Kópavogsblaðið óskar nemendum deildarinnar sem og öðrum keppendum góðs gengis á Íslandsmótinu í kata um leið og við hvetjum Kópavogsbúa til að mæta á mótið á laugardag, eftir viku, í Smáranum og hvetja okkar fólk.

Öskudagurinn í SmáraTívolí

Það verður líf og fjör í SmáraTívolí á Öskudaginn. Tívolíið opnar kl 13 og mun Smáralindin bjóða öllum að leika sér FRÍTT til kl 16:00 þann dag í öllum tækjunum nema í vinningatækjunum og í 7D. Tekið er vel á móti öllum söngelskum börnum og góss fæst gefins á meðan birgðir endast. Búningakeppnin verður á sínum stað, venju samkvæmt. Bæði er hægt að taka þátt í einstaklingskeppni og hópakeppni og vegleg verðlaun eru í boði. Teknar verða myndir af þátttakendum og þær settar á facebook síðu SmáraTívolí. Þeir þátttakendur sem safna flestum „like-um“ fyrir klukkan 12, mánudaginn 23. febrúar sigrar.

Efnilegar handboltastelpur í HK

Þessar efnilegu handboltastelpur úr 7. flokki HK tóku þátt í Cup-Kópavogur á dögunum. Þær eru duglegar að mæta á æfingar og ætla sér stóra hluti í framtíðinni. Þjálfarar þeirra eru Sigrún Arna Brynjarsdóttir, Elva og Sigrún Agnes.

20 ÁRA 1994 – 2014

KONDITORI

Keyrir bakarí

...alla daga

HAMRABORG 14 • DALVEGI 4

MATUR OG VÍN:

Okkur finnst vel við hæfi að tileinka þáttinn „Matur & vín" hinum frábæra fiski sem við Íslendingar eigum og bestur er hann á vetrarvertíðinni.
Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur.
Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.
Réttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.

HAFIÐ FISKVERSLUN

Fisk fajitas með blálöngu, tómatsalsa sósu, rifnum osti og fersku grænmeti.

Réttur þessi fæst tilbúinn hjá Fiskbúðinni Hafinu, hann má fara í ofn á 180 gráðum í um 20 – 25 mín.

Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Masi Modello delle Venezie - Ítalía, Verona -
1.870 kr.
Ljóssítrónugult.
Létt fylling, ósætt, fersk sýra.
Ljós ávöxtur, steinefni.

Castillo de Molina Chardonnay Reserva – Chile –
1.999 kr.
Sítrónugult.
Meðalfylling, þurrt, fersk sýra.
Suðrænir ávextir, vanilla, eik.

Klippið hér

Gleðilegan öskudag 2015

Klippið hér

Kæru Kópavogsbúar

Gleðilegan öskudag 2015

Næstkomandi öskudag, miðvikudaginn 18. febrúar, hvetja foreldrafélög grunnskólanna í Kópavogi íbúa bæjarins til að taka þátt í nokkuð nýju og skemmtilegu fyrirkomulagi sem hefur gefið sig vel í sumum hverfum bæjarins undanfarin ár.

Grunnskólabörnin í hverfinu munu þá ganga í merkt hús á milli klukkan 17 og 19 og syngja fyrir nágranna sína í von um sælgæti eða góðgæti (til dæmis kleinur, kex, límmiða) að launum. Börnin eru að sjálfsögðu á ábyrgð foreldra á meðan þessu fer fram.

Ef íbúar bæjarins hafa áhuga á að taka þátt í þessu þurfa þeir að:
Auðkenna húsið/hurðina/bjölluna með blöðru, miða eða öðru sem gefur til kynna að börnin séu velkomin til dæmis með textanum „Gleðilegan öskudag“. Íbúar þurfa síðan að eiga nokkra sælgætismola eða annað góðgæti og gefa börnunum sem banka upp á að launum fyrir söng.
Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að hvetja börn sín til að ganga um hverfið á milli klukkan 17 - 19.
Brýna þarf fyrir börnum að banka einungis á dyr þar sem þau eru boðið velkomin með blöðrum, miða eða öðrum hætti og janfvel að ganga með börnum sínum um hverfið.

Ef íbúar hafa hins vegar ekki áhuga á að vera með í þessum atburði þurfa þeir ekki að gera neitt.

Með kærri kveðju og von um góðar viðtökur:
Stjórnir foreldrafélaga Álfhólsskóla, Hörðuvallaskóla, Kársnesskóla, Kópavogsskóla, Lindaskóla, Salaskóla, Smáraskóla, Snælandsskóla og Vatnsendaskóla.